



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Rofaborg

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	6
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	9
4 Innra mat deilda	10
5 Innra mat sérkennslu.....	13
6 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	15
7 Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	17
8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	17
9 Foreldrasamvinna.....	18
10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	19
11 Fylgiskjöl	19



Leiðarljós leikskólans

Leikur – Gleði – Vinátta

1 Greinargerð leikskólastjóra

Þegar þessi orð eru skrifuð, á vordögum, ræður bjartsýni ríkjum og hrakfarir síðasta hausts virðast vera langt að baki. Haustið 2023 var okkur erfitt hér í Rofaborg og fóru foreldrar ekki varhluta af því. Langvarandi mannekla með tilheyrandi vistunarskerðingum hefur slæm áhrif á alla sem að koma. Í desember, þegar ástandið byrjaði að lagast, gáfum við út þá yfirlýsingu (e. manifest) að í byrjun febrúar yrðum við búin að fullmanna skólann ...og það tókst! Þannig að í febrúar ákváðum við að gefa út nýja yfirlýsingu: Í haust ætlum við að vera búin að fullmanna í september ... 😊 (...sjö níu þrettán!)

Þó svo að það tæki langan tíma að ráða nýtt fólk þá var tekin ákvörðun um að vanda til verksins og gera ákveðnar kröfur til þeirra sem ráðnir yrðu. Það gerðum við annars vegar til að auka líkurnar á að nýtt starfsfólk héldist sem lengst í starfi og hins vegar til að halda áfram í það góða fólk sem við höfðum fyrir. Það eru alveg raddir úti í þjóðfélaginu sem segja að betra sé að ráða „eitthvað“ starfsfólk en ekkert. Það var því einkar ánægjulegt að finna skilning og stuðning foreldra við sjónarmið okkar. Þessi þolinmæði skilaði okkur mjög góðum starfsmannahópi sem er að smella einstaklega vel saman, þar á meðal tveimur nýjum fagmenntuðum starfsmönnum, sem eins og Þórunn Gyða fyrrverandi leikskólastjóri sagði alltaf að væri sambærilegt því að veiða lax!

Og talandi um að auka fagmenntun þá höfum við komist að þeirri niðurstöðu að besta ráðið til að auka hlutfall fagmenntaðra er að hvetja og styðja okkar eigið starfsfólk til náms. Þannig voru í vetur fimm starfsmenn Rofaborgar, sem eru með aðra háskólamenntun en leikskólakennaramenntun, í mastersnámi sem leiðir til leyfisbréfs kennara og verða næsta vetur líka. Það mun heldur betur hækka hlutfall fagmenntaðra í Rofaborg, svo ekki sé minnst á þá vítamínsprautu sem það er inn í faglegt starf skólans. Vonandi munu fleiri starfsmenn nýta sér þær fjölmörgu leiðir sem í boði eru til að auka menntun sína á sviði leikskólakennslu í framtíðinni, við vitum allavega að það eru nokkrir að hugsa málið.



Eins og áður segi er okkur stjórnendum í Rofaborg mikið í mun að hlutfall fagmenntaðra í leikskólum aukist verulega og viljum gjarnan leggja okkar lóð á vogarskálarnar til þess. Við höfum því verið í samstarfi við bæði Vinnuskóla Reykjavíkur og Árbæjarskóla. Sumarið 2023 komu sjö ungmenni til starfa hjá okkur í gegnum Vinnuskóla Reykjavíkur og nú sumarið 2024 munu 10 ungmenni ganga til liðs við okkur. Þá bauð Árbæjarskóli, í samstarfi við Rofaborg og Heiðarborg upp á valáfanga fyrir 9. og 10. bekk sem gengur út á að unglíngarnir fá fræðslu um starf leikskóla og koma svo og taka þátt í starfi leikskólans einu sinni í viku. Þessi valáfangi mæltist svo vel fyrir að ákveðið var að halda áfram með hann næsta vetur. Þá má nefna að Reykjavíkurborg er með verkefni sem heitir Atvinnutengt nám og gengur út á að bjóða unglíngum, sem af ýmsum ástæðum eiga erfitt með að fóta sig í fullu námi, að stunda vinnu nokkra tíma í viku. Rofaborg og Árbæjarskóli hafa átt gott samstarf í þessu verkefni. Allt þetta vonum við að sái fræjum í hugum ungmenna sem eru að reyna að átta sig á í hverju þau vilja mennta sig í framtíðinni.

Við höfum fundið mjög fyrir því síðustu fjögur árin eða svo að hinn góði starfsmannaandi og samheldni sem alltaf hefur einkennt Rofaborg hefur farið dvínandi. Þar hafa utan að komandi aðstæður spilað stóra rullu og má þar nefna heimsfaraldur, vinnustyttingu og skort á starfsfólki. Starfsandi eða starfsmannabragur er einn af lykilþáttum á hverjum vinnustað og lítar í raun allt starf og samskipti, hvort sem hann er góður eða slæmur. Góður starfsmannabragur hefur góð áhrif á allt og alla. Hann gerir það að verkum að fólk ílengist í starfi og líður vel, sem aftur smitar sér til bæði barna og foreldra. Við vildum gjarnan byrja að vinna með þann þátt á markvissan hátt og því var það algjör hvalreki þegar okkur bauðst að sækja um og vorum valin til að taka þátt í tilraunaverkefni með Vinnuvernd, Kennarasambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þar sem unnið verður með starfsaðstæður. Í þessu verkefni verður sjónum ekki beint að aðstæðum eins og búnaði, hljóðvist eða lýsingu, eins og við tengjum venjulega við verkefni af þessu tagi, heldur félagslegum aðbúnaði; starfsanda og samskiptum svo eitthvað sé nefnt. Við erum byrjuð að undirbúa okkur og munum byrja af fullum krafti í september.

Einn þáttur í þessum umbótum snertir börnin beint, en það er sú breyting að útbúa matsal í Rofaborg í stað þess að borða á deildum. Elstu deildarnar tvær, Krumma- og Spóaland, eru þegar byrjaðar og erum við að prófa okkur áfram með þetta form. Þegar helstu agnúar



hafa verið sniðnir af munu miðdeildarnar, Lóu- og Þrastaland, bætast við og svo mögulega yngsta deildin, Svanaland, síðar. Þetta mun leiða til meiri samgangs og samveru starfsfólks í kaffipásam, sem er eitt af því sem breyttist til hins verra við tilkomu vinnustyttingarinnar. Það er þó ekki aðalástæðan fyrir þessari breytingu, þó kærkomin sé. Aðal málið er að hægt verður að fjarlægja mörg borð og stóla af deildunum og þar með auka leikrými barnanna. Þá er þessi breyting einnig liður í að auka sjálfstæði og sjálfshjálp barnanna, auk þess sem börnin kynnast betur þvert á deildar með því að sitja saman til borðs, því að í matsal er frjálst sætaval.

Það hafa verið gerðar töluverðar breytingar á Aðalnámskrá leikskóla á undanförunum misserum. Breytingarnar fela að miklu leyti í sér að nú er lögð enn ríkari áhersla en áður á leikinn sem aðalnámsleið barna. Allir leikskólar þurfa því að uppfæra skólanámskrár sínar og er sú vinna hafin í Rofaborg, en mun að mestu leyti fara fram í haust.

Það verður nóg að gera næsta vetur, eins og alltaf. Við horfum björtum augum fram á veginn og hlökkum til að takast á við þessi verkefni, sem snúast auðvitað öll á endanum um að öllum geti liðið vel í Rofaborg; börnum, foreldrum og starfsfólki.

Bestu kveðjur,

Guðlaug Kristinsdóttir leikskólastjóri



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Útivera í lok dags	Metið í litlum hópum á skipulagsdögum veturinn 2023-2024	Starfsfólk Rofaborgar	<p>Starfsfólk var almennt mjög ánægt með nýtt fyrirkomulag sem við prufuðum í haust þar sem börnunum var skilað úti til foreldra sinna í lok dags. Starfsfólki fannst gott að geta metið það hvort þau fóru út með börnin strax eftir síðdegishressingu ef veðrið var gott eða biðu þar til rétt fyrir 16:00 ef veðrið var leiðinlegt.</p> <p>Starfsmenn nefndu þó nokkra þætti í skipulaginu sem þarf að bæta fyrir næsta vetur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Passa þarf að bæði öll börn og starfsfólk séu komin út fyrir 15:55 svo að starfsfólk með vinnutíma til 16:00 geti farið heim. • Börnin þurfa að vera með nóg af aukafötum og viðeigandi útifatnað. • Brýna þarf fyrir foreldrum hversu mikilvægt það er að kveðja starfsfólk þegar börnin eru sótt.
Lubbi finnur málbein	Metið í litlum hópum á skipulagsdögum veturinn 2023-2024	Starfsfólk og börn	<p>Misjafnt var hversu mörg málhljóð hver deild komst yfir síðastliðinn vetur. Allar deildir reyndu þó að taka fyrir eitt málhljóð í hverri viku en sögðu það ekki alltaf hafa gegnið vegna manneklu og veikinda. Vegna manneklunnar gekk oft ekki að skipta börnunum í minni hópa í Lubbastundunum og vill starfsfólk bæta úr því næsta vetur. Starfsmenn voru sammála um að Lubbi væri frábært námsefni til þess að kenna málhljóðin og að á næsta starfsári er ætlunin að nýta saman Leikur að læra aðferðina og Lubba. Einnig vill starfsfólk hafa Lubba sýnilegri inni á deildunum til þess að skapa meiri umræður um málhljóðin utan skipulagðra stunda.</p> <p>Börnin höfðu áhuga á Lubba og málhljóðunum. Þau höfðu mestan áhuga á málhljóðum sínum og vana sinna á deildinni og sköpuðust oft fjörugar umræður í kring um þau. Eldri börnin höfðu gaman af Hljóðasmiðjum 2 og 4 (Rauði og Guli kassinn).</p>
Vinátuverkefnið Blær	Metið í litlum hópum á skipulagsdögum veturinn 2023-2024	Starfsfólk og börn	<p>Starfsfólk var sammála um að efnið væri aðgengilegt og auðvelt að grípa í þegar tækifæri gefst. Myndaspjöldin voru notuð í samveru og Blæ-stundum og lögin voru sungin í söngstundum. Starfsfólki fannst börnin leita í bangsana þegar þau voru leið eða í uppnámi. Börnin sóttu mikið í „Blæinn sinn“ og vildu mörg vera með hann í hvíld. Einnig töluðu þau um að lögin væru skemmtileg.</p> <p>Starfsfólk var sammála um að þau þyrftu að nýta efnið enn meira næsta vetur og að mikil mannekla hafi gert það að verkum að færri verkefni voru unnin í tenglum við Blæ en þau hefðu viljað.</p>



Hugarfrelsi	Metið í litlum hópum á skipulagsdögum veturinn 2023-2024	Starfsfólk og börn	Starfsfólk taldi sig almennt hafa nýtt efni Hugarfrelsis minna þennan veturinn en áður. Margir söknuðu slökunarstundanna, öndunaræfinganna og hugleiðslunnar vegna róandi áhrifa sem það hafði á barnahópinn og aukinni vellíðan barnanna í leikskólanum. Unnið verður meira með efni frá hugarfrelsi næsta vetur.
Vettvangsferðir	Metið í litlum hópum á skipulagsdögum veturinn 2023-2024	Starfsfólk Krummalands og Spóalands	Vettvangsferðir skólahóps eru frábært tækifæri til þess að efla sjálfstæði og sjálfsöryggi barnanna. Einnig er þetta góð leið fyrir börnin til þess að kynnst betur umhverfi sínu og íslenskri menningu. Starfsfólk var sammála um að gott væri að undirbúa börnin betur fyrir ferðirnar áður en lagt er af stað og einnig að halda áfram að vinna með viðfangsefnið þegar heim er komið.
Matsalur	Metið á deildarstjórafundum og deildarfundum	Starfsfólk Krummalands og Spóalands og matráður.	Krummaland og Spóaland hófu tilraunaverkefnið og borða nú öll börn af þeim deildum inni í sal. Þessar deildir byrjuðu ferlið til þess að finna lausnir á þeim ófyrirséðu vandamálum sem upp koma við stórar breytingar. Það hefur gengið vel og margar útfærslur hafa verið prófaðar. Vel gengur að finna út hvað þarf að kaupa fyrir matsalinn og hvað er nú þegar til staðar sem hægt er að nýta. Áætlað er að hinar deildirnar bætist við í matsalnum í hádegismatnum í sumar.
Vala	Metið á vinnufundum	Starfsfólk	Í umsögn um starfsáætlun síðasta árs óskaði foreldraráð eftir því að Vala yrði í meiri notkun. Deildirnar reyndu eftir bestu getu að setja inn myndir þar inn og voru starfsmenn ánægðir með árangurinn. Einnig voru allir viðburðir auglýstir í dagatalinu í Völu. Nokkrir hnökur eru þó á Völu, starfsfólk hefur t.d. öðruvísi aðgang að henni og er því erfitt að átta sig á því hvernig upplýsingar sem þar eru settar inn birtast foreldrum. Búið er að senda ábendingar að úrbótum til þeirra sem sjá um Völu hjá Reykjavíkurborg.



Ytra mat

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Foreldramorgunmatur	Spurninga-könnun send til foreldra í tölvupósti og umræða á starfsdegi.	Foreldra og starfsfólk í Rofaborg.	Foreldrar voru almennt ánægðir með að boðið væri upp á foreldramorgunmat einu sinni í viku. Nokkrir foreldrar höfðu ekki haft tök á því að mæta og þótti það leiðinlegt. Starfsfólk var ánægt með foreldramorgunmatinn og þótti gott að hafa fleiri tækifæri á að tala við foreldra, kynnast þeim og kynna starfsemi leikskólans í ró og næði.
Starfsmannakönnun	Könnun send í tölvupósti	Starfsfólk Rofaborgar	Starfsfólk sem tók þátt í könnuninni var almennt mjög ánægt með starf sitt og vinnustað sinn. Mest ánægja var með stjórnun leikskólans, jafnrétti og sjálfstæði í stafi. Þau sem svöruðu töldu sig flest geta mælt með vinnustaðnum og voru stolt af því að starfa hér. Mest óánægja var með launakjör og vinnuskilyrði, s.s. loftgæði, plássleysi og hljóðvist.



3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldis- og menntastarf og stjórnun							
Ný skólanámskrá	Skólanámskrá leikskólans er orðin gömul og þarf því að endurnýja hana í samræmi við nýjar áherslur Aðalnámskrár leikskóla	Útbúa þarf nýja námskrá þar sem hugað er að nýjum áherslum Aðalnámskrár. Passa þarf að starfsfólk, börn og foreldrar komi að gerð hennar.	Leikskóla- stjórnendur	Mái 2024	Jan. 2025	Metin af starfsfólki, börnum og foreldrum	Að ný skólanámskrá sé skýr og í henni koma fram áherslur og markmið sem að leikskólinn vinnur að.
Reggio Emilia	Laga starf leikskólans betur að ítölsku stefnunni Reggio Emilia	Ræða þær bætur sem við viljum gera á stefnu leikskólans samhliða gerð nýrrar námskrár. Foreldraráð þarf að geru umsögn um stefnubreytingarnar. Hugsunin er að byrja að innleiða stefnuna haustið 2025.	Leikskóla- stjórnendur	Sept. 2024	Mái 2025	Metið á foreldraráðs- fundum, starfsmanna- fundum og deildarfundum.	Að starfsfólk skilji betur það sem ætlast er til af þeim í starfi og að vinnubrögð séu samræmdari milli deilda.
Mannauður/ Leikskólabragur							
Samstarfsverkefni með Vinnueftirlitinu, KÍ o.fl.	Starfsandinn í Rofaborg hefur ekki verið góður undanfarið ár vegna mikillar manneklu. Þátttaka í þessu samstarfsverkefni mun vonandi hjálpa okkur að breyta því.	Útbúa samskiptasáttmála, þetta starfsmannahópinn, breyta kaffitímum starfsfólks o.fl.	Allt starfsfólk	Sept 2024	Mái 2025	Metið af starfsfólki á vinnufundum og deildarfundum	Bættur starfsandi og betri samskipti milli starfsfólks.
Annað							
Matsalur	Innleiðing nýs fyrirkomulags þar sem öll börn borða í matsal.	Útbúa þarf nýtt skipulag þegar komin er betri reynsla á matsalinn. Kaupa þarf borðbúnað, áhöld, borð og aðrar nauðsynjar.	Deildarstjórar	Júlí 2024	Des. 2024	Metið af starfsfólki á deildarfundum	Matartímar í hádeginu gangi betur.
Borð og stólar	Til stendur að fækka borðum og stólum inni á deild til þess að börnin hafi meira pláss fyrir leik.	Endurskipuleggja þarf leik og námsrými barnanna með það í huga að húsnæðið nýtist sem best	Deildarstjórar og starfsfólk	Sept 2024	Nóv 2024	Metið af starfsfólki á deildarfundum	Að börnin uni sér betur í leik og hafi meira leikrými



4 Innra mat deilda

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Krummaland og Spóaland							
Lestur	Lesið meira í minni hópum fyrir börnin. Börnin þola mis þungar bækur og er því mikilvægt að skipta börnunum niður og velja lestrarefni við hæfi.	Lestur í litlum hópum, skipta börnunum eftir getu og málþroska. Notast verður við sögupoka, Lubbi finnur málbein, og skemmtilegar bækur.	Allt starfsfólk	Sept 2024	Maí 2025	Metið af starfsfólki á deildarfundum, einnig verða notaðar staðlaðar málþroskaskimanir til þess að meta árangur, s.s. TRAS, HLJÓM-2 og EFI-2	Að börnin skilji það sem lesið er fyrir þau og að þau hafi gaman af lestarstundunum.
Leikur að læra	Nýta betur leikur að læra aðferðina til kennslu.	Útbúa verkefnabanka sem auðvelt er að grípa í. Hvetja hvort annað áfram í að prófa ný verkefni þar sem unnið er eftir leikur að læra aðferðinni. Nýta efnið inni á deild eftir hádegi og úti þegar veður leyfir.	Allt starfsfólk	Sept 2024	Maí 2025	Metið af starfsfólki á deildarfundum	Börn læra mest í gegnum leik og sjáum við því árangur ef við náum að skapa þeim aðstæður þar sem leikur, hreyfing og nám samtvinnast. Árangurinn sést ef börnin læra nýja hluti og hafa gaman af leiknum.
Útikennsla	Auka fjölbreyttni verkefna í útikennslu	Útbúa verkefnabanka sem auðvelt er að grípa í.	Allt starfsfólk	Sept 2024	Maí 2025	Metið af starfsfólki á deildarfundum	Að börnin skemmti sér í útikennslunni og að verkefni stuðli að hreyfingu og námi í umhverfismenn.
Sjónrænt skipulag	Nýta þarf sjónrænu dagskipulögin betur með öllum börnum. Börnin eru öruggari þegar að þau sjá myndrænt hvað er fram undan.	Muna að setja þau upp á hverjum degi, fara yfir dagskipulögin í samveru. Setja upp fleiri sjónrænar leiðbeiningar inni í fataklefa, baðherbergi og á fleiri stöðum.	Allt starfsfólk	Sept 2024	Maí 2025	Metið af starfsfólki á deildarfundum	Að börnin finni fyrir öryggi í leikskólanum og þau skilji til hvers er ætlast til af þeim sem leiðir til meira sjálfstæðis þeirra.



Regnboginn	Nýta rýmið í regnboganum í hópavinnu	Síðastliðin vetur var rýmið í regnboganum (listasmiðjan) illa nýtt og vill starfsfólk nýta það betur undir leik, spilastundir, sögustundir og fleira.	Allt starfsfólk	Sept 2024	Maí 2025	Metið af starfsfólki á deildarfundum og börnum	Að öll rými í leikskólanum séu full nýtt til leiks og kennslu og að börnin fái að njóta sín sem best.
Lóuland og Þrastaland							
Leikur að læra	Nýta leikur að læra meira inni á deild, ekki bara í íþróttasal	Setja leikur að læra inn í dagskipulagið eftir hádegi, t.d. fyrir síðdegishressingu barnanna. Lóuland og þrastaland gætu einnig haft sameiginlegar leikur að læra stundir í miðjunni hjá sér.	Allt starfsfólk	Sept 2024	Maí 2025	Metið af starfsfólki á deildarfundum	Börn læra mest í gegnum leik og sjáum við því árangur ef við náum að skapa þeim aðstæður þar sem leikur, hreyfing og nám samtvinnast. Árangurinn sést ef börnin læra nýja hluti og hafa gaman af leiknum.
Skapandi starf	Virkja sköpunar gleði barnanna í leik og starfi.	Gefa börnunum tækifæri til að velja sér efnivið til sköpunar í leik og starfi.	Allt starfsfólk deildanna	Haust 2024	Vor 2025	Myndræn skráning og umræða á deildarfundum yfir veturinn.	Að börnin upplifi gleði, eru áhugasöm og njóta þess að skapa sjálf. Að börn kynnist fjölbreyttum leiðum sem styðja við skapandi hugsun.
Þátttaka kennara í leik	Markviss þátttaka fullorðinna í leik	Frá ca. 9:00 – 9:15 (8:45-9:00?) og 13:00 – 13:15 taka kennarar þátt í leiknum.	Allt starfsfólk deildanna.	Haust 2024	Vor 2025	Rætt á deildarfundum	Að kennarar nýti leikinn í málörvun og félagsfærniþjálfun og börnin hafi fyrirmyndir í leik.
Svanaland							
Hreyfing í lðu/útikennsla	Oftar	Fjölga hreyfistundum úti og inni + göngutúr 1-2 í viku	Deildin fylgir skipulagi frá deildarstjóra	Sept. 2024	Júlí 2025	Rætt á deildarfundum	Að börn fái fleiri tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar
Málörvun	Við stefnum að því að auka málskilning og orðaforða barnanna.	Nýta „Babblanna“ meira, Lubbi finnur málbein og gefðu 10 til málörvunar	Allt starfsfólk deildarinnar	Sept 2024	Maí 2025	Rætt hvernig gengur á deildarfundum	Að börn geti nýtt sér tungumálið í leik, námi og öðrum samskiptum



Sjálfbærni	Hvetja börn með jákvæðum samskiptum að prufa sig áfram, gera aðgengi fyrir þau til þess að ganga frá sjálf eftir mat og komast sjálf á klósett. Gefa þeim tækifæri til að hjálpa við ýmis "störf" á deildinni.	Leyfa börnunum að hjálpa kennurum meira með ýmis verkefni (t.d. ná í matarvagn, fara með óhreinan þvott inn í þvottahús o.s.frv.). Mikil hvatning og hrós fyrir að leggja sig fram og gera sjálf	Allt starfsfólk deildarinnar.	Sept 2024	Maí 2025	Rætt hvernig gengur á deildarfundum	starfsfólk er meðvitað um að nýta allar stundir dagsins í málörvun og grípur oft í málörvunarefni utan sérstakra málörvunarstunda.
------------	--	---	-------------------------------	-----------	----------	-------------------------------------	--



5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

Skipulagning sérkennslu	Börn með fjármagn fengu daglegar einstaklingsvinnustundir með stuðningsaðilum sínum. Þau börn voru öll með einstaklingsnámsskrár unnar út frá AEPS eða Web-ABLIS þar sem árangur var metinn á 6 mánaða fresti. Lögð var áhersla á að þau börn sem njóta stuðnings taki þátt í öllu starfi deildarinnar með aðstoð stuðningsaðila sinna og að kennsla fari að mestu fram í leik og verkefnavinnu með jafnöldrum. Deildirnar skipulögðu sérstakar málörvunarstundir fyrir fjöltyngdu börnin til þess að efla orðaforða þeirra og málþroska. Börn sem fóru í málþroskamat fengu verkefni við hæfi inn á deild og sá deildarstjóri hverrar deildar um að þeim væri sinnt. Börn með hegðunar- og skilningsvanda fengu sjónrænt dagskipulag og ýmis umbunarkerfi sem voru mikið nýtt. Eftir áramót 2024 var úthlutun fjármagns til sérkennslu breytt og er því þörf á að endurskipuleggja sérkennsluna fyrir næsta haust.
Hvaða matsgögn voru notuð?	Matsgögn sem notast var við í Rofaborg haustið 2024-2025 voru TRAS, AEPS, Web-ABLIS, HLJÓM-2, EFI-2, Íslenski þroskalistinn og Íslenski smábarnalistinn. Hafa þessi gögn reynst vel til að fylgjast með þroskaframvindu allra barna í leikskólanum en einnig við gerð einstaklingsnámsskráa fyrir þau börn sem þurfa á því að halda. Áætlað er að bæta við Íslenska máhljóðamælinum í flóru matsgagna sem notuð verða í Rofaborg næsta vetur.
Hvaða námsefni var notað?	Námsefni sem notað var í sérkennslu veturinn 2023-2024 var m.a. <i>Lubbi finnur málbein</i> , <i>námmsgögn</i> og efni framleitt af <i>Hugarfrelsi</i> , <i>Tákn með tali</i> , námsefni og verkefni búin til í leikskólanum og verkefni frá <i>Fjölbreytt kennsla</i> . Spil eins og <i>Krakka-Alias</i> , <i>söguspilið</i> , <i>Fun-Deck</i> og fleiri voru notuð í margvíslegum tilgangi. Smáforritin <i>Orðagull</i> , <i>Lærum og leikum með hljóðin</i> og <i>Bitsboard</i> voru einnig notuð í sérstökum vinnustundum. Einnig nýtum við okkur mikið félagshæfnisögur Carol Gray.



Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samstarf milli stuðningsaðila	Efla samstarf milli stuðningsaðila þeirra barna sem eru með fjármagn. Gefa þeim tækifæri og tíma til að ræða saman og deila því sem þau eru að gera. Skiptast á hugmyndum og verkefnum.	Setja niður fastan tíma vikulega þar sem stuðningsaðilar hittast í um klukkustund.	Sérkennslustjóri og deildarstjórar hveirrar deildar hjálpast að við að finna tíma sem hentar deildunum.	Haut 2024	Vor 2025	Afrakstur samstarfsins verður metið á fundunum.	Stuðningsaðila-hópurinn þéttist, samstarf verður betra milli stuðningsaðila og þeir leitar í stuðning og hugmyndir frá hvort öðru.
Snemmtæk íhlutun	Nýtt fyrirkomulag úthlutunar á fjármagni til sérkennslu leiðir til þess að breyta þarf skipulagi sérkennslunnar	Starfsmaður í sérkennslu heldur nú utan um þjálfun þeirra barna sem falla undir „snemmtæka íhlutun“ í samstarfi við deildarstjóra barnanna undir handleiðslu sérkennslustjóra.	Starfsmaður sérkennslu og sérkennslustjóri	Haut 2024	Vor 2025	Árangur metinn á vinnufundum með sérkennslustjóra, starfsmönnum sérkennslunnar og stjórnendum.	Árangur næst ef vel gengur að halda utan um skipulag sérkennslunnar og börnin sem falla undir „snemmtæka íhlutun“ fá þann stuðning/íhlutun sem þau þurfa í viðeigandi aðstæðum.
Endurskipuleggja sérkennslu- herbergið	Aðeins eitt sérkennslu-herbergi er til staðar í Rofaborg. Er því mikilvægt að efniviður, námsgöng, tímatafla og annað sé vel skipulagt svo að hægt sé að nýta herbergið að fullu.	Taka þarf til í herberginu, flokka verkefni og henda þeim sem ekki er verið að nota. Mikilvægt er að hver stuðningsaðili hafi sinn stað til að geyma þau gögn sem hann er að vinna með hverju sinni. Einnig þarf að útbúa nýja tímaáætlun fyrir starfsfólk.	Sérkennslustjóri og stuðningsaðilar	Júní 2024	Okt. 2024	Starfsmenn í sérkennslu meta hentugleika nýs skipulags og koma með hugmyndir af úrbótum ef þarf.	Árangur mælist í hversu hentugt nýtt skipulag herbergisins er.



6 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

<p>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p>	<p>Fjármagnið var nýtt til þess að auka stöðugildi deildanna. Hugsunin var að með því væri auðveldra fyrir starfsmenn að veita fjöltyngdum börnum auka stuðning og aðstoð við daglegar athafnir og að auðga orðaforða sinn.</p>
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	<p>Á deildum var unnið með Gefðu 10 og útfærðu deildarstjórar skipulag sem hentaði hverri og einni deild. Lögð var áhersla á að lesa fyrir börnin einstaklingslega og í hóp.</p>
<p>Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?</p>	<p>Í les- og samverustundum voru börnin spurð út í sögurnar eftir lestur. Þannig skapast umræður um efnið og betri skilningur náðist. Á yngri deildunum var orðaforði einnig dýpkaður með því að útskýra algeng orðatiltæki og vísur. Á eldri deildum var unnið áfram með þessa þætti en þar var einnig unnið með samsett orð og lesskilning.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i>, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Deildarstjórar gera TRAS skráningar á 6 mánaða fresti og sérkennslustjóri og verkefnastjóri sjá um málþroskaskimanirnar EFI-2 og Hljóm-2. Við stefnum á að nota <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn</i> betur á næsta skólaári</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i>, varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Starfsfólk Rofaborgar vinnur eftir læsisstefnu leikskóla og er meðvitað um mikilvægi þess að styrkja orðaforða og málskilning barnanna.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforða aukum við með því að lesa bækur, spila og í gegnum ýmsa leiki. Farið er í gegnum orðaforðalista sem gefinn er út af Menntamálastofnun. Unnið er að því að börnin öðlist sem ríkulegast mál og farið er vel í sem flesta orðflokka s.s. matvæli, athafnir, leik, leikefni. Lesnar eru örsögur, en það hvetur barnið til að hlusta og taka eftir. Síðan er spurt út í söguna. Við lærum afstöðuhugtök s.s. ofan í, ofan á, fremst, aftast, við hliðina o.s.frv. Einnig stærðarhugtök s.s. stór, lítill, stærstur, minnstur, langur, stuttur o.s.frv. • Til þess að auka hljóðkerfisvitund barnanna notum við námsefnið Lubbi finnur málbein. Orð eru æfð með því að klappa þau í samstöfur og leikið er með rím og hljóð stafanna með ýmsum hætti. • Tjáningu þjálfum við með umræðum um það sem barninu finnst skemmtilegt, hvað barnið var að gera og hvað það langar til að gera. Börnin eru hvött til að tjá sig og einnig að eiga í samræðum við hvert annað. Börnin er hvött til að tjá sig um líðan sína og tilfinningar, en þannig læra þau að bera virðingu fyrir ólíkum tilfinningum og að setja sig í spor annarra. Við styrkjum sjálfsmynd barnsins með því að finna styrkleika hvers og eins svo barnið fái sem best notið sín. Við vinnum ýmis verkefni sem börnin óska eftir hverju sinni. Við erum dugleg að hrósa og kenna börnunum að hrósa hvert öðru. Einnig tölum við um vináttuna og gildi hennar. • Á mið- og eldri deildum er áhersla lög á að hafa bæði rit- og myndmál sýnilegt á veggjum og húsgögnum til þess að kenna börnunum að þekkja og stafina. • Áhersla er á virka þátttöku hvers barns og má glögg sjá hve sjálfsöryggi og tjáning þeirra eykst



Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR/ MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvunarhópar	Setja saman nýja málörvunarhópa þar sem unnið verður að því að styrkja þau börn sem hafa slaka íslenskukunnáttu	Með hjálp EFI-2, TRAS og Íslenska máhljóðamælisis verður hægt að finna þau börn sem standa höltum fæti og útbúa fyrir þau áætlun til þess að auka orðaforða þeirra í íslensku og tjáningu.	Katrín Hallgríms dóttir	Sept 2024	Maí 2025	Árangur er metinn með skráningum og með því að fylgjast með framförum barnanna með EFI-2, TRAS og Íslenska máhljóðamælinum.	Árangur næst ef að börnin öðlast betri skilning á íslenskri tungu og geta nýtt tungumálið í samskiptum við önnur börn og fullorðna.
Gefðu 10	Auka enn meira gefðu 10 inni á deildum og samræma aðferðir milli deilda	Deildarstjórar gera nýtt skipulag og ræða við starfsfólk sitt um mikilvægi þess að fylgja því eftir.	Deildarstjórar	Sept. 2024	Maí 2025	Metið á deildarfundum og á starfsdögum í vetur.	Árangur næst ef að börnin öðlast betri skilning á íslenskri tungu og geta nýtt tungumálið í samskiptum við önnur börn og fullorðna.
Tengiliður fjölmennningar	Á síðasta starfsári tók nýr starfsmaður við sem tengiliður fjölmennningar. Það var alltaf á dagskrá að tengiliðurinn myndi vinna verkefni í samstarfi við deildarnar sem tengdust fjölmennningarlegu samfélagi leikskólans en það gekk ekki af ýmsum ástæðum s.s. manneklu og myglu. Á næsta starfsári er ætlunin að keyra þetta verkefni í gang.	Funda þarf með tengiliði fjölmennningar sem hefur ýmis verkefni í huga til þess að vinna yfir árið. Tengiliðurinn þarf tíma til þess að undirbúa verkefni og vinna þau með börnunum	Ewelina Kacprzyc ka	Sept. 2024	Maí 2025	Tengiliður fjölmennningar heldur utan um verkefni og metur þau með börnum og öðru starfsfólki	Árangur næst ef börnin hafa gaman af verkefnunum og þau stuðla að inngildingum og bættu viðhorfi til fjölbreytileika mannkynsins.



7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Áætlað er að allir starfsmenn komi í starfsþróunarsamtal veturinn 2024-2025. Ekki er búið að útfæra með hvaða sniði þau verða en fyrirkomulag þeirra mun líklegast svipa til fyrri ára. Deildarstjórar taka viðtöl við sína starfsmenn fyrri hluta vetrar og aftur seinna ef þeir telja þörf á því. Leikskólastjóri tekur viðtöl seinni hluta vetrar.

8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Löng hefð er fyrir samstarfi Rofaborgar og Árbæjarskóla og má rekja það allt til ársins 1987. Það er okkur mikið hjartans mál að börnin séu í góðri tengingu við samfélagið utan leikskólans og umhverfið hér í Árbænum. Markmið samstarfsins er:

- Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við flutning frá leikskóla til grunnskóla og frístundar.
- Brúa bilið milli skólastiganna og stuðla að heilstæðu námi barna.
- Efla og styrkja samstarf starfsfólks á báðum skólastigum.

Liður í að undirbúa elstu börnin fyrir grunnskólagöngu hefur einnig verið fara í heimsóknir í frístundamiðstöðina Töfrasel. Þar fá börnin að kynnst húsinu og starfinu sem þar fer fram. Síðastliðin vetur fór skólahópur, að hluta til eða allur, einu sinni til tvisvar í viku í Töfrasel. Mikil ánægja var með það fyrirkomulag. Börnin nutu sín vel og meira pláss var inni á eldri deildunum fyrir hin börnin til þess að leika og vinna önnur verkefni. Stefna okkar er að halda þessu samstarfi áfram næsta vetur.

Samstarf leikskólans við unglिंगadeild Árbæjarskóla

Síðastliðin vetur var samstarf milli Árbæjarskóla og Rofaborgar aukið enn frekar með því að bjóða uppá valáfanga fyrir 9. og 10. bekk í leikskólafræðum. Nemendur sem völdu sér þann valáfanga fengu að kynnst starfsemi leikskólans og kennslu ungra barna, bæði með verkefnavinnu í leikskólanum og kennslu í skólanum. Markmið áfangans var að kynna spennandi umhverfi og skapandi starf leikskólans fyrir ungu fólki, sem á eftir að velja sér starfsvettvang í framtíðinni og vonandi auka þannig aðsókn í leikskólakennaranámið.

Þetta tilraunaverkefni gekk vonum framar og viljum við endilega halda því áfram. Unglingarnir sem komu hingað sinntu námi sínu af áhuga, mættu vel og stundvíslega og voru frábær viðbót í samfélagið okkar hér í leikskólanum. Steinunn Arnórsdóttir grunnskólakennari hélt utan um áfangann og gefur honum þessa umsögn:



Í vetur hefur 9. og 10. bekkur Árbæjarskóla fengið tækifæri til að kynnst starfinu á leikskólunum Rofaborg og Heiðarborg í valfaginu *Leikskólinn*. Tilgangur valfagsins var að nemendur myndu kynnst starfsemi leikskólans og fá tækifæri til að vinna með börnum á leikskólaaldri. Valfagið er byggt þannig upp að nemendur fá fyrst fræðslu um alhliða þroska barna á leikskólaaldri ásamt grunnfræðslu um þau atriði sem snúa að skyndihjálp ungra barna. Auk þess er farið yfir störf og skyldur starfsmanna á leikskóla og ábyrgðina sem því starfi fylgir. Því næst fara nemendur á vettvang og taka beinan þátt í leikskólastarfinu.

Valfagið hefur notið mikilla vinsælda í Árbæjarskóla, verið virkilega lærdómsríkt fyrir nemendur og alið af sér farsælt samstarf milli skóla og leikskóla.

9 Foreldrasamvinna

Foreldraráð: Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldra. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Starfsreglur foreldraráðs voru samþykktar árið 2014. Í foreldraráði eiga að sitja að lágmarki þrjú fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra. Skipa þarf nýtt foreldraráð í sept. 2024.

Veturinn 2023-2024 var ákveðið að nýta betur krafta foreldraráðs og funduðu stjórnendur því með ráðinu 2-3 sinnum yfir hvora önn. Markiðið var að upplýsa foreldraráð betur um gang mála í leikskólanum og fá álit þeirra á hinum ýmsu verkefnum og vandamálum sem upp komu í daglegu starfi. Það samstarf hefur reynst mjög vel og viljum við gjarnan halda því áfram á komandi skólaári.

Foreldrafélag: Foreldrafélag hefur séð um viðburði sem hafa það að markmið að efla félagsauð barna og foreldra í Rofaborg. Þar má nefna sveitarferð, fjölskylduhátíð, piparkökumálun fyrir jól og einnig hefur foreldrafélagið lagt sitt af mörkum við útskrift elstu barna.

Foreldrafundir: Foreldrafundir verða haldnir haustið 2024. Fundirnir eru deildarskiptir og þar er skipulag deildanna kynnt sem og áhersluatriði, skapandi starf, leiðir og verkfæri sem notuð eru í kennslu á deildinni og aðrar hagnýtar upplýsingar.

Foreldraviðtöl: Árlega bjóða deildastjórar foreldrum til sín í foreldraviðtöl. Þar gefst foreldrum tækifæri til að ræða við deildarstjóra um skólagöngu barns síns. Áætlað er að foreldrar barna sem hefja leikskólagöngu um haustið 2024 komi í viðtal fyrir áramót sem og foreldrar barna sem skiptu



um deild eftir sumarfrí, er það því u.þ.b. helmingur barna á hverri deild. Eftir áramót er svo áætlað að foreldrar hinna barnanna komi í viðtöl. Hefur þetta fyrirkomulag reynst vel í gegnum árin.

10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Á hverju starfsári eru 6 skipulagsdagar sem dreifast yfir veturinn. Skipulagsdagar starfsársins 2024-2025 eru eftirfarandi:

27. september 2024 – Sameiginlegur skipulagsdagur í hverfinu

22. nóvember 2024 – Sameiginlegur skipulagsdagur í hverfinu

2. janúar 2025

6. febrúar 2025 – Sameiginlegur skipulagsdagur í hverfinu

14. mars 2025

9. maí 2025

Meðfylgjandi er dagatal leikskólans (með fyrirvara um breytingar)

11 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

<u>Guðlaug Kristinsdóttir</u>	<u>01.07.24</u>
Leikskólastjóri	Dagsetning



Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025

Rofaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ágústa Erlingsdóttir

Dagný Ósk Gunnarsdóttir

Hanna Rún Smáradóttir

Svanborg María Guðmundsdóttir

Sylvía Randversdóttir



Umsögn vegna starfsáætlunar 2024-2025

Á leikskólanum Rofaborg er unnið gott og faglegt starf. Lögð er mikil áhersla á málörvun allra barna í gegnum leik, lestur og spil. Unnið er í gegnum litla hópa og tekið er tillit til barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Útivera hefur verið aukin frá síðasta skólaári og er það jákvæð breyting. Börnin hafa nánast alltaf verið sótt úti í lok dags og hafa þau farið tvisvar til þrisvar sinnum út á dag. Foreldraráð er mjög ánægt með þessa breytingu og þakkar starfsfólki Rofaborgar fyrir gott samstarf þegar kemur að meiri útiveru og finnst okkur það hafa mjög góð áhrif á heilsu barnanna okkar. Foreldraráð bendir á að breyta orðalagi úr að börnum er „skilað úti“ í „sótt úti“.

Við teljum mikilvægt að áfram verði lögð mikil áhersla á tilfinninga- og félagsfærniþjálfun barnanna á Rofaborg. Þetta er mikilvægur þáttur í þroska barna sem fylgir þeim og þróast með þeim upp öll leik- og grunnskólaárin.

Á þessu leikskólaári hefur upplýsingaflæði verið betra og hafa einhverjar deildir verið duglegar við að setja myndir inn á Völu appið. Það hafa einnig verið settar fyrirhugaðar ferðir inn á Völu appið og ef eitthvað er á dagskrá þann daginn.

Við í foreldraráðinu erum ánægðar með hina miklu þróun sem er að eiga sér stað á Rofaborg. Það gleður okkur mjög hversu fjölbreyttur starfsmannahópurinn í leikskólanum er. Fjöldi karlmannna sem starfa með börnunum hefur aukist auk þess sem starfsmannahópurinn endurspeglar vel það fjölbjóða samfélag sem Ísland er orðið. Þessa þróun teljum við mikilvæga til að sporna gegn staðalímyndum um starf leikskólakennara sem kvennastarf og til að stuðla að umburðarlyndi nemenda fyrir fólki af mismunandi þjóðernum og kynþáttum. Það er mikilvægt að starfsfólk leikskóla sé tilbúið að bæta við sig menntun og þróa sig í starfi. Það segir margt um mannauðinn á Rofaborg þegar hann er tilbúinn að taka gamla skólanámskrá, endurnýja hana og bæta inn nýrri stefnu, Reggio Emilia. Það er mikil vinna framundan við gerð nýrrar skólanámskráar og hlökkum við til að sjá útkomuna.

Við upplifum mikla jákvæðni og gleði hjá starfsfólki Rofaborgar og því höfum við fulla trú á því að samstarfsverkefnið með vinnueftirlitinu, KÍ o.fl. muni bæta starfsandann enn frekar hjá starfsfólki Rofaborgar.

Innleiðing á nýju fyrirkomulagi í matsalnum hefur gengið vel og virðist starfsfólk og börn vera að fóta sig vel í því. Þetta fyrirkomulag er frábær leið til að efla félagsfærni, samskiptafærni, sjálfstæði, sjálfshjálp og margt fleira hjá börnunum. Okkur finnst þetta vera jákvætt skref.

Með tilkomu ítölsku stefnunnar Reggio Emilia mun skapast meira flæði í leik barnanna og skipulag dagsins mun trufla minna leik þeirra. Auk þess verður meira aðgengi að opnum efnivið fyrir börnin.

Samstarf á milli leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva er virkilega jákvæð þróun. Við myndum þó vilja sjá meira samstarf á milli Rofaborgar og Árbæjarskóla þegar kemur að síðasta árinu á Rofaborg. Gaman væri að koma á einhvers konar vorskóla þar sem að nemendur fari í tíðar heimsóknir fyrir skólalok og kynnist þar betur skólaumhverfinu í Árbæjarskóla. Við gerum okkur grein fyrir því að þetta er samtal sem þarf að eiga við Árbæjarskóla.

Í heildina er mikil ánægja með starf Rofaborgar. Áætlun fyrir næsta leikskólaár er vel ígrunduð og virðist vera mikil þróun í kortunum á því frábæra starfi sem unnið er á Rofaborg.

